

MÍT

Vörðupróf II

Trompet

Uppbygging Vörðuprófs II við MÍT miðast við uppbyggingu framhaldsprófs.

Á Vörðuprófi II í trompetleik skal nemandi leika tvö verk, eina æfingu og útdrætti úr hljómsveitarverkum. Aðrir prófþættir eru tónstigar og brotnir hljómar, val, óundirbúinn nótnalestur og tónflutningur. Auk þess er gefið fyrir heildarsvip prófsins.

Verkefni á Vörðuprófi II skulu almennt miðast við léttari verk úr verkefnalista fyrir framhaldspróf.

Prófþættir

1. Tvö ólík verk (15 einingar hvert)
2. Æfing (15 einingar)
3. Útdrætti úr hljómsveitarverkum (10 einingar)
4. Tónstigar og hljómar (15 einingar)
Leiknir skulu tónstigar til og með 6 formerkjum.
Dúrar, hljómhæfir- og laghæfir moll-tónstigar.
Þríhljómar og minnkaðir hljómar.
Tónsvið fis-b"
5. Val (15 einingar)
Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:
 - a. Leiki verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur verk á prófinu
 - b. Leiki samleiksverk þar sem hann gegnir veigamiklu hlutverki.
6. Óundirbúinn nótnalestur og tónflutningur (10 einingar).
7. Heildarsvipur (5 einingar)

Verkefni og prófkröfur

Tvö stutt verk eða 2 kaflar úr ólíkum verkum

Æfing

Þrjú einleikskafnar úr hljómsveitarverki- eða verkum

Dúrar, hljómhæfir- og laghæfir moll-tónstigar og þríhljómar

Framangreind verkefni skulu leikin frá grunntóni upp á efsta mögulegan hljómtón innan tónsviðsins, niður á dýpsta þríhljómstón og upp á grunntón.

Minnkaðir sjöundahljómar frá b, h og c'

Tónstigar og hljómar leiknir eigi hægar en MM =100 miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur

Val - eitt stutt verk eða kafli úr verki að eigin vali (má vera kammerverk)

Óundirbúinn nótnalestur og tónflutningur

Auk hefðbundins, óundirbúins nótnalestrar skal nemandinn tónflytja úr C, Es og A. Dæmið skal vera af sambærilegri þyngd og lestrardæmi á miðprófi.